



Fundargerð 414. fundar í ÞVN 24. mars 2015

Fundur haldinn á skrifstofu þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 24. mars 2015 kl. 11.45. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Valgerður Bjarnadóttir, Haraldur Einarsson og Birgir Ármannsson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

1. Stutt kynning á stöðu mála við stækkun gestastofu og stefnumótun þjóðgarðsins.

Stækkun á gestastofunni er fyrirhuguð um 800 fm., framkvæmdir við jarðveg byrji í haust og verkið verði klárað á útmánuðum 2017. Þarfagreining var lögð fram og kynnt ÞVN á síðasta fundi þ.e. 413. fundi.

Stefnumótun þjóðgarðsins er í endurskoðun, aðaláherslan er á breytingar vegna aukinnar aðsóknar ferðamanna, umferðastýringar ofl. Verklok eru fyrirhuguð í apríllök. Fyrstu drög að stefnumótuninni eru á heimasíðu þjóðgarðsins.

2. Lögð fram drög að þingsályktunartillögu um skipulag og mannvirki vegna veitinga- og móttökuhúss á Haki og aðstöðu þings og þjóðar á völlum.

3. Breytingar á þjónustu- og aðstöðugjaldi á Haki.

Þjóðgarðsvörður leggur til að gjald fyrir bílastæði og þjónustu á Þingvöllum verði breytt þannig að hætt verði að taka gjald að salernishúsum og hlið þar fjarlægð. Þess í stað verði gjald innheimt á bílastæðum. Þar verði settir upp sams konar gjaldmælar og eru á götum Reykjavíkur þar sem gestir kaupa miða og leggja í glugga á bifreið sinni. Gjaldskrá verður kynnt á næsta fundi ÞVN.

Samþykkt.

4. Bann við notkun ómannaðra loftfara (flygilda, „dróna“) í þjóðgarðinum.

Lagt fram vinnuskjal frá Lilju Jónasdóttir, dags. 10. mars 2015, „Ómönnuð loftför (drónar) á Þingvöllum, möguleikar á banni“. Samþykkt að ÞVN sendi umsögn til Samgöngustofu þar sem þessi ákvörðun komi fram.

5. Opnunartími og bætt þjónusta.

Opnunartími í gestastofu á Haki verður lengdur í sumar og verður frá kl. 9.00 – 18.00 og salernishús til kl. 20.00.

Starfsmaður í upplýsingaþjónustu og starfsmaður í útivinnu á Haki verða ráðnir til að sinna upplýsingaþjónustu í gestastofunni á Haki vegna vaxandi álags.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.55.